

Ed.

270. Lög

um biskupskosningu.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðis-kennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $\frac{2}{3}$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæðin, sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.